2013 – 300 þús
2014 – 400 þús
2015 – 750 þús (áætlun)
2016 – 1,5 milljón (áætlun)

Matfiskeldið

Nú er fyrirtækið eingöngu með regnbogasilung í sjókvíum.

Fjöldi seiða sem hefur farið í sjókvíar hefur aukist úr 300.000 seiðum árið 2013 og er gert ráð fyrir 750.000 seiða útsetningu á árinu 2015.



Teikningar af seiðaeldisstöð Dýrfisks í Tálknafirði.

<http://lf.is/documents/2015-05-08SeidaeldiDyrfisksiTalknafirdi.pdf>

Heildarlausnir fyrir fiskeldið!



Framleiðsla Eldislausna:

Loftarar - Endurnýtingarloftarar - Súrefniskútar - Súrefnisstýringar - Dælustýringar - Ljóstástýringar - Fóðurstýringar - Iðnstýringar

Við erum með:

Alla almenna pípuþægninga- og raflagnapjónustu, dæluviðgerðir, köfunarþjónustu og ráðgjöf fyrir fiskeldið.

Við flytjum inn:

Hreinsitromlur - Ljós í kvíar og í eldiskör - Fóðurmyndavélar
Ljós nema fyrir kvíar.

Annað:

Önnumst flestar uppsetningar og viðhald fyrir fiskeldið.



Eldislausnir


Bakkastíg 16 | 260 Njarðvík

Sími 895 3556 | 824 3410 | 612 5552 | 899 6345

www.eldi.is | eldi@eldi.is

Markmið okkar er að hámarka nýtni og auka sparnað í rekstri

Farleiðir laxins í hafinu



Í fyrirlestri var sagt frá rannsóknum Veidimálastofnunar á ferðum laxa í sjó. Laxarnir héldu sig í byrjun sjávardvalarinnar fyrir vestan og svo suðvestan við Ísland. Um haustið fóru þeir í austur sunnan við landið langleiðina til Færeyja en snéru svo við og dvöldu það sem eftir lifði vetrar suðvestur af Íslandi uns þeir héldu af stað heim á leið í Kiðafellsá. Seinna árið voru laxarnir sunnar en það fyrra en einnig var munur á atferli einstaklinga. Þetta sýnir að lax dvelur á slóðum þar sem vænta má mikillar fæðu og er við til-
tölulega háan sjávarhitna (8-10°C um veturinn) sem nauðsynlegur er til hraðs vaxtar.

http://veidimal.is/default.asp?sid_id=22185&tid=2&fre_id=194940&meira=1&Tre_Rod=001|001|007|&qsr

Stuttar fréttir - Styrjueldi

- Tilraunaeldi á styrju er hafið í fiskeldisstöð **Stolt Sea Farm** úti á Reykjanesi. Styrjueldi er mikil þolinmæðisvinna því um 9 til 10 ár tekur að ala styrju til kynþroska. Það sem gerir þetta eldi líka sérstakt er að ekki er hægt að kyngreina styrjuna fyrr en eftir þrjú ár og þá með ómskoðun. Hægunum er þá slátrað og kjötið selt, mest til Rússlands. Hrygnurnar hrygna síðan bara einu sinni og eftir það er þeim slátrað og kjötið líka selt. Styrjuhrognin séu lúxusvara, sem seld sé víða um heim. Hefðin sé alveg sérstaklega mikil í Rússlandi. Það sem gerir þessi hrogn frábrugðin öðrum hrognum er að þau séu sterkari og þegar bitið er í þau þá nánast springa þau undir tönn (vb.is, frétt 15 maí og Viðskiptablaðið).

Stuttar fréttir - Hrognkelsi

Í Fiskeldisfréttum hefur verið fjallað töluvert um eldi á hrognkelsum og notkun þeirra sem lúsabana. Enn birtast fréttir um hrognkelsi og nú í Fréttablaðinu (3 júní).

- Ala hrognkelsi til áts á laxalús í Færeyjum.** Stofnfiskur ehf. og Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar ala og selja hrognkelsaseiði til Færeyja til aflúsunar í laxeldi. Tilraunir í Færeyjum með að nýta íslensk hrognkelsaseiði til aflúsunar á laxi í sjókvím ganga vonum framár. Vonir standa til að öflugt vopn hafi fundist í baráttu gegn þessari plágu í laxeldi í Færeyjum og ekki útilokað að hrognkelsin nýtist hjá íslenskum laxeldisfyrirtækjum í framtíðinni í sama tilgangi. Hugmyndin um aflúsun með lifandi fiski er frá Noregi komin. Þar í landi eru áætlanir uppi um eldi á milljónum hrognkelsaseiða, sem er til marks um hversu vel fiskurinn hentar til verksins á norðlægum slóðum.

RAF BÝÐUR

FRÁBÆRAR LAUSNIR

TIL HAGRÆÐINGAR FYRIR FISKELDI

SÚREFNISTÆKI

Framleiddu á staðnum þitt eigið súrefni eftir þínum þörfum

- ✓ Hágæða framleiðsla og lágmarks bílanatiðni
- ✓ Oxymat er í notkun á 2.500 stöðum um heim allan, þar af 60 í Færeyjum
- ✓ 95% hreint súrefni með lágmarks tilkostnaði
- ✓ Prófað við **erfiðustu** aðstæður
- ✓ Neyðarþjónusta **allan sólarhringinn**



AUKIN
HAGRÆÐING
MEÐ EIGIN
FRAMLEIÐSLU

ÓSONTÆKI

Náttúruleg og öflug hreinsunartækni

Ávinningur:

- ✓ 100% náttúrulegt
- ✓ Búið til úr andrúmsloftinu
- ✓ Mun öflugra en klór
- ✓ Sótthreinsar
- ✓ Eyðir lykt
- ✓ Eykur geymslupól

ÓSON
HREINSILAUSNIR



LOFTHREINSUN



VATNSHREINSUN



FRÁVEITUR



GEYMSLUPÓL
MATVÆLA



Gæði á heimsvísu

Við bjóðum súrefnistæki frá Oxymat sem er leiðandi á heimsvísu þegar kemur að hreinleika og rekstraröryggi.

Kynntu þér málið
betur á vefnum
okkar www.rafeh.f.is

RAF ehf.
Óseyri 6, 603 Akureyri
+354 462 6400
raf@rafehf.is
www.rafeh.f.is




NÝSKÖPUN OG VÖRUPRÓUN
SÍÐAN 1980

Kræklingarækt, eitradir þörungar og umhverfispættir

Kræklingarækt og umhverfisaðstæður í Patreksfirði og Steingrímsfirði

Vöxtur og hrygning kræklinga í rækt í Patreksfirði og Steingrímsfirði voru könnuð ásamt hitastigi sjávar og magni svifþörunga 2010-2011. Á báðum rannsóknarstöðum voru umhverfisaðstæður (fæða og hiti) mjög

sambærilegar, þó aðeins væri meira um fæðu á formi svifþörunga (blaðgræna-a) fyrri part sumars í Steingrímsfirði. Skeljarnar voru svipaðar að meðallengd (u.þ.b. 36 mm) í apríl á báðum stöðum þegar mælingar hófust. Vöxturinn á næstu mánuðum var sambærilegur. Um miðjan ágúst, eftir 3ja mánaða vöxt, höfðu skeljarnar náð um það bil 50 mm lengd. Holdfyllingin var þó alltaf aðeins meiri í Steingrímsfirði sem tengja má meira fæðuframboði (blaðgræna-a) fyrri part sumars. Í byrjun maí var stærstur hluti stofnsins á báðum rannsóknarstöðum orðinn kynþroska og tilbúinn til hrygningar. Hrygning hófst í byrjun júlí í Steingrímsfirði við 9°C og í lok mánaðarins í Patreksfirði við 11°C sjávarhita. Aðal-hrygningartíminn var frá ágúst til



Meðallengd og staðalfrávik (SD) kræklinga frá apríl 2010 til maí 2011 í Patreksfirði.

október við meðalsjávarhita frá 11°C og niður í 7°C en allri hrygningu lauk í nóvember og var þá hitinn kominn niður í 5°C. Þroskun kynfruma hófst strax að lokinni hrygningu í nóvember, en að öllum líkindum hefur verið litið um fæðu á formi svifþörunga á þeim tíma, en skelin þá notað forðanæringu. Þroskun kynfruma jókst hægt þar til í marslok, en þá jókst hún verulega, samfara aukinni fæðu á formi svifþörunga að vori og auknum sjávarhita.

<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-177.pdf>

Tafla 1. Ástand á vöktunarsvæðunum út frá talningum eiturbörunga árið 2014.

2014	13-19/1	20-26/1	27/1-2/2	3-9/2	10-16/2	17-23/2	24/2-2/3	mars	apríl	maí	2-8/6	9-15/6	16-22/6	23-29/6	30/6-6/7	7-13/7	14-20/7	21-27/7	28/7-3/8	4-10/8	11-17/8	18-24/8	25-31/8	1-7/9	8-14/9	15-21/9	22-28/9	október	november	desember
Stakksfjörður																														
Hvalfjörður	D												DA		D						D									
Breiðafj./Stykkish.													AP																	
Króksfjarðarnes																														
Steingrímsfjörður																														
Pistilfjörður																														
Mjóafjörður eystri																														

- Ekki talin hætta á skelfiskeitrun á svæðinu
- D Varað við hætta á DSP-eitrun í skelfiski (Diarrhetic Shellfish Poisoning)
- P Varað við hætta á PSP-eitrun í skelfiski (Paralytic Shellfish Poisoning)
- A Varað við hætta á ASP-eitrun í skelfiski (Amnesic Shellfish Poisoning)
- Sýnasöfnun ekki hafin/ lokið, eða sýni vantar.

<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-181.pdf>

Alhliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

• Þvottastöð
• Fiskeldispokar
• Kastnætur
• Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801

FJARÐA NET

Neskaupstaður / Fjásknúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Umhverfismálin - Regnbogasilungur í veiðiám

Regnbogasilungur hefur verið litinn hornauga af veiðimönnum allt frá því hann var fluttur inn til landsins í byrjun sjötta áratugarins. Snemma fékk fiskurinn viðurnefnið sporðminkur og þá var horft til þess að minnur hafði sloppið úr minnkabúum og náð fótfestu í íslenskri náttúru. Regnbogasilungur hefur þó aftur á móti aldrei náð að fjölga sér í íslenskri náttúru.

Umfjöllun RUV

Í Ríkisfjölmiðli kom fram að regnbogasilungur hafi veiðist í tveimur bleikju- og laxveiðiám á Norðurlandi. Stangveiðimaður líkir þessu við aðskotahlut í náttúrunni og telur víst að fiskarnir hafi sloppið úr sjókvíeldi eins og fram kom í frétt Ríkisfjölmiðils. Silungarnir eru tveir og veiddist annar þeirra í Eyjafjarðará og hinn í Fljótaá. Regnbogasilungur þekkist eingöngu í fiskeldi hér á landi, en er einnig sleppt í vötn til sportveiða.

Umfjöllun Fréttablaðsins


Regnbogasilungur hefur veiðist á skömmum tíma í fjórum

veiðiám á Norðurlandi og Vestfjörðum. Ljóst er að um íslenskan eldisfisk er að ræða. Fyrir skemmstu veiddist regnbogasilungur í Eyjafjarðará, en hún er ein

þekktasta bleikjuveiðiá landsins. Einnig regnbogasilungur í Fljótaá, og heimildir Fréttablaðsins greina einnig frá regnboga veiddum í Lambagilsá við Dýrafjörð síðasta haust og í Fnjóská í fyrrasumar. Í Fréttablaðinu er ekkert fullyrt um uppruna regnbogasilunganna sem veiðst hafa í fyrra og undanfarna daga.

Uppruni fisksins

Í Ársskýrslu dýralæknis fisk-sjúkdóma er gefið yfirlit yfir fiskeldisstöðvar þar sem regnbogasilungur er í eldi. Nokkrir valkostir koma því til greina. Það verður að teljast mjög sérstakt ef regnboga-



silungur sem sleppur úr sjókvíum á Vestfjörðum og Austfjörðum veiðist eingöngu í ám í Eyjafirði. Ef fiskurinn hefur sinn uppruna úr kvíum á Vestfjörðum eða Austfjörðum ætti hann að veiðast í miklu mæli í nágrenni við sleppistað og í fleiri ám á Norðurlandi í sumar. Það var ekki byrjað að gerast þegar þessar Fiskeldisfréttir voru gefnar út. Það er ekki hægt að útiloka að uppruni fiskana sé annar en frá sjókvíeldi.

<http://www.ruv.is/frett/regnbogasilungar-i-tveimur-nordlenskum-am>

<http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/150528.pdf>

Þekkja eldislaxa



Veiðimálastofnun og Fiskistofa hafa sett saman myndir sem eiga að geta nýst veiðimönnum við að þekkja algeng útlitseinkenni á eldislaxum. Ef eldislaxar veiðast er mikilvægt að veiðimenn geri Veiðimálastofnun og/eða Fiskistofu viðvart, og komi fiskum með möguleg einkenni til frekari rannsókna.

[http://veidimal.is/default.asp?](http://veidimal.is/default.asp?sid_id=22185&tid=2&fre_id=195405&meira=1)

[sid_id=22185&tid=2&fre_id=195405&meira=1&Tre_Rod=001|001|007|&qsr](http://veidimal.is/default.asp?sid_id=22185&tid=2&fre_id=195405&meira=1&Tre_Rod=001|001|007|&qsr)

BARKI EHF.

Fiskflutningsbarkar og Camlock kúplingar

Eigum á lager fiskflutningsbarka (PUR 102 - PUR 250 FISH TRANSPORT) frá 4" – 10" einnig eigum við Camlock kúplingar frá ½" - 8".



Barki ehf
Nýbýlavegur 22
200 Kópavogur

LV vill loka Ísafjarðardjúpi og Eyjafirði fyrir eldi frjórra laxa

Á vef Landssamband veiðifélaga er fjöldi frétt um áhyggur veiðimanna á uppbyggingu sjókvíaeldis laxfiska hér við land.

Bréf til ráðherra

Hinn 24. mars sl. ritaði Landssamband veiði-
félaga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bréf
þar sem þess er krafist að Eyjafirði og Ísafjarðar-
djúpi verði lokað fyrir eldi á frjóum laxi af
norskum uppruna. Jafnframt var óskað eftir
svari innan mánaðar.

Hinn 20. apríl sl. barst svar ráðuneytisins þar sem segir; „Málið er nú til skoðunar í ráðuneytinu og er ákvörðunar að vænta á næstu mánuðum.“

Ítrekun

Þann 12 maí sendir Landssambandi veiðifélaga aftur bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðherra þar sem m.a. kemur fram að Aðalfundur LV verður haldinn dagana 12. – 13. júní nk., þar sem þessi mál verða til umfjöllunar. Með bréfi þessu er þess eindregið óskað að ráðherra taki efnislega ákvörðun í málinu og niðurstaðan verði kynnt Landssambandi veiðifélaga fyrir þann tíma.

<http://www.angling.is/>

Þróun þorskeldis á Íslandi

Undanfarið hefur verið fjallað um þorskeldi í fjölmiðlum. Í [Morgunblaðinu](#) (14 maí) í greinni **Orðnir margs vísir um þorskin** og í [Fréttablaðinu](#) (19 maí) í greininni **Þorskeldi á Íslandi komið að fótum fram**. Bæði hér á landi og í Noregi hafa væntingar um uppbyggingu eldisins ekki gengið eftir. Í stuttu máli verður hér gerð grein fyrir stöðu mála.

Kynbætur

Hafrannsóknastofnun hefur unnið í samstarfi við Icecod, sem er í eigu Hafró, Stofnfisks og nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja. Skipulag verkefnisins er á þann veg að Hafró sér um eldi á klakfiski og seiðaframleiðslu, Stofnfiskur leggur fram þjónustu kynbótafræðings í hálfu starfi og Hraðfrystihúsið Gunnvör á Hnífsdal (HG), sér um eldi seiðanna upp í matfiskstærð í sjókvíum sínum við Súðavík. AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi hefur styrkt verkefnið myndarlega.

Það hafa verið teknar ákvarðanir bæði á Íslandi og í Noregi að halda

áfram kynbótarstarfinu. Fram að þessu hafa átt sér stað miklar kynbótaframfarir s.s. meiri vöxtur og betri lifun.

Þróun aleldis á þorski

Þorskeldi hófst með miklum látum í byrjun síðasta áratugar og þá sérstaklega í Noregi. Á þessum tíma var efniviðurinn villtur fiskur sem var erfiður í eldi. Margar ástæður eru fyrir því að dregið hefur hratt úr þorskeldi og eru þær helstar:

- Mikil afföll á fiski
- Hægur vöxtur
- Lækkandi markaðsverð

Mikið tap hefur verið á þorskeldi en afkoman mun batna með auknum kynbótaframförum á næstu árum og áratugum.

Það er því mun betri tímasetning að byrja núna en fyrir tíu árum síðan – en best er að bíða lengur eftir meiri kynbótaframförum.

Það á eftir að gera mikið í sjúkdómamálunum s.s. framleiða bóluefni og hefur hægt mikið á



Villtur þorskur er fljótur að venjast eldisaðstæðum og að því leyti heppileg eldistegund.

þróunarstarfinu. Ef það verður ekki unnið í þessum málum á næstu árum og áratugum verður erfitt að byggja upp samkeppnishæft þorskeldi. Það eru oft miklar sveiflur í áhuga athafnamanna og eftir einn eða fleiri áratugi munu menn eflaust vilja byrja aftur og þá með látum sem oft er raunin - Þá er mikilvægt að vísindamenn séu búnir að gera sína heimavinnu.

Áframeldi

Megnið af þeim þorski sem framleiddur hefur verið á Íslandi er úr

Frh. á næstu síðu

Fóður upp á marga fiska

FÓÐURBLANDAN



Frh. af fyrri síðu

áframeldi, en það byggist á því að fanga smáan villtan fisk og alan hann upp í markaðsstærð. Þorskelldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunnar hefur haldið utan um áframeldið hér á landi allt frá árinu 2002. Áframeldi á Íslandi er nú í endurskoðun og framtíð þess óljós.

Normenn hafa aukið föngun á þorski og er úthlutað 4.000 tonna kvóta sem miðast við lifandi fisk í eldiskví. Þetta fyrirkomulag byggist á að fiskurinn sé geymdur í ákveðin tíma í kvíunum fyrir slátrun til að auka gæðin og jafna framboð á ferskum þorski á markaði. Áframeldi á þorski er nú stundað í mjög litlu mæli í Noregi.

Miklar væntingar um vöxt í íslensku fiskeldi

Í tengslum við aðalfund Lands sambands fiskeldisstöðva á Djúpavogi hafa birst fréttir m.a. í [Fiskifréttum](#) (13 maí) og [Morgunblaðinu](#) (28 maí) þar sem fram hafa komið miklar væntingar um vöxt í íslensku fiskeldi á næstu árum. Hér á eftir er samantekt á því helsta sem fram hefur komið:

Framleiðslan í ár og næsta ári

- Gert er ráð fyrir að framleiðslan fari í um 11.600 tonn. Um 40% aukning framleiðslu í ár.
- Ætla má að fiskeldi skili um 8 milljörðum í útflutningsverðmæti í ár.
- Laxinn er mikilvægasti eldisfiskur Íslendinga. Framleiðsla á honum nam tæpum 4 þúsund tonnum í fyrra en reiknað er með um 5.200 tonnum í ár.
- Bleikja var í öðru sæti í fyrra með um 3.400 tonn en hún fer væntanlega í 3.800 tonn í ár.
- Sá fiskur sem er í mestum vexti hlutfallslega er regnbogafiskur. Framleiðsla á honum þrefaldast næstum, var 603 tonn í fyrra en fer væntanlega í tæp 1.800 tonn í ár.

- Nú eru um 320 til 330 bein störf í greininni.

Væntingar til framtíðar

- Ef væntingar fiskeldismanna ganga eftir má búast við því að fiskeldi á Íslandi tífaldist fram til ársins 2050 frá því sem framleiðslan er í dag eða 110.000 tonn.
- Lágspá sýnir 35 þúsund tonna framleiðslu og háspá bendir til að framleiðslan verði um 80 þúsund tonn.

Það sem þarf m.a. að gera

- Fyrirtækin (sjókvíaeldi) telji nú nauðsynlegt að byggja upp 20 þúsund tonna einingar til að ná nauðsynlegri stærðarhagkvæmni.
- Það þarf erlenda fagfjárfesta að íslensku sjókvíaeldi, eigi að nást að nýta þau tækifæri og leyfi sem þegar eru útgefin eða eru í pípunum.
- Ef fullnýta á möguleika eldis laxfiska í sjókvíum þarf að byggja fleiri seiðastöðvar.
- Það þarf polinmótt fjármagn, fjárfesta sem skilja sveiflur í greininni.



Egersund Group
Fishing - Aquaculture - Trade

Egersund Net AS
Svanavågen N-4370 Egersund
Tel: (+47) 51 46 29 60
Fax: (+47) 51 46 29 61
post@egersund-net.no
www.egersundgroup.no

Netting | Nets | Anti-bird nets
Mooring equipment | Washing machines





www.sogndalstrand-media.no, Photo: © Norwegian Seafood Export Council, Per Eide

Er allt í himnalagi hjá þér ? Eitt slys er einu of margt ! - 4. grein

Vinnuslysum í fiskvinnslu hefur fjölgað undanfarin ár. Frá árinu 2013 hefur Vinnueftirlitið verið að ýta við forsvarsmönnum fiskvinnslu með ábendingum um úrbætur. Send hafa verið bréf, farið í heimsóknir og gefin fyrirmæli um úrbætur. Þrátt fyrir það hefur slysum ekki fækkað. Í ársbyrjun 2015 var ákveðið að grípa til frekari aðgerða og voru fimm stór fyrirtæki heimsótt.

Niðurstöður voru þær að grundvallaröryggisbúnaður véla og tækja var allt of oft ekki í lagi. Nokkur dæmi:

- ⇒ Algengt var að öryggisbúnaður á vélum og tækjum væri ekki í lagi
- ⇒ Færibönd voru opin og á þau vantaði oft neyðarstopp
- ⇒ Víða voru opnir öxlar og öxulendar-Ástand og umgengni við fiskikör var verulega ábótavant
- ⇒ Frystiklefar uppfylltu ekki öryggiskröfur

Fyrirtæki verða heimsótt aftur í sumar og haust og í ljósi þess að slysum hefur ekki fækkað verður beitt harðari að-

gerðum og vinna undantekningalaust stöðvuð ef öryggisbúnaður véla og tækja reynist ekki í lagi.

Hvað kemur þetta fiskeldinu við ? Er einhver ástæða til að ætla að ástandið þar sé betra en í fiskvinnslu ? Slysátölur úr Slysaskrá Íslands sýna fjölda tilkynnta vinnuslysa. Skráning



síðustu ára bendir til þess að slysum hafi fjölgað fram til ársins 2013. En hver er staðan í dag ?

Vonandi er það raunin að slysum sé að fækka, en ástæðan kann að vera sú að slys séu ekki tilkynnt.

Mörg ofangreindra öryggisatriða geta átt við aðstæður í fiskeldisfyrirtækjum.

Dóra Hjálmarsdóttir
ÖHU fulltrúi og ráðgjafi /
Rafmagnsverk-




Ekki bíða eftir slysi ! Ekki bíða eftir að Vinnueftirlitið herði þumalskúrfuna. Gríptu til aðgerða, farðu yfir listann hér að ofan og gerðu viðeigandi ráðstafanir. **Slysin gera boð á undan sér !**

Hafðu samband og og fáðu gátlista um öryggismál til notkunar þér að kostnaðarlausu dh@verkis.is

Aukið eftirlit með Biomass Daily

- Heildaryfirsýn yfir hverja kví.
- Mælir daglegan vöxt fisksins.
- Nákvæmar upplýsingar um meðalþyngd, dreifingu og ástandsstuðul (CF).
- Veitir samanburð á milli tímabila.
- Veitir samanburð á milli kvía.
- Sjálfkrafa skýrslur.



Meira um ívilnanir í íslensku fiskeldi

Í síðustu Fiskeldisfréttum var gert grein fyrir ívilnunum í fiskeldi og þar oft vitnað í fréttir í [Viðskipta-blaðinu](#). Blaðið kemur út vikulega og er fjallað áfram um ívilnanir þar sem m.a. Matorka er oft nefnt á nafn. Vissulega er þessa umfjöllun óæskileg fyrir íslenskt fiskeldi sem má rekja til óheppilegs ívilnunnar-kerfis hér á landi.

Eigendur leggja lítið í verkefnið

Hér er vitnað til heiti greinar í Viðskiptablaðinu frá 13 maí. Þar kemur einnig fram: „*Svissneska félagið Matorka Holding AG gerir ráð fyrir að á næstu fimm árum muni tekjur fyrirtækisins samanlagt nema 8,4 milljörðum króna. Svissneska félagið á 100% eignarhlut í Matorku ehf. sem í lok febrúar samdi við stjórnvöld um 426 milljóna króna afslátt af sköttum og opinberum gjöldum. Frá árinu 2010 hafa verið stofnuð nokkur félög í kringum fiskeldi og rannsóknir á vegum Matorku*“.

Áhrif á markað og fyrirtæki verði metin

Landssamband fiskeldisstöðva mótmælti harðlega samningnum við Matorku og sagði hann raska samkeppni í greininni, sérstækar aðgerðir eða ívilnanir til handa einum framleiðanda með þessum hætti hefðu bein áhrif á markaðsstöðu þeirra sem fyrir væru. Fram að þessu hefur nefnd skipuð af ráðherrum lagt mat á nýfjárfestingarverkefni. Atvinnuveganefnd vill að fleiri komi að borðinu, meðal annars Bygðastofnun (Viðskiptablaðið 21 maí).

Bygðastofnun meti ívilnanir

Meirihluti atvinnuveganefndar telur að gæta þurfi að því að veiting ívilnana raski ekki um of samkeppnisstöðu fyrirtækja sem þegar eru starfandi hér á landi. Vegna þessa leggur nefndin til að breytingar verði gerðar á frumvarpi viðskiptaráðherra um ívilnanir til nýfjárfestingar á Íslandi. Vill nefndin að Bygðastofnun meti áhrif fjárfestingarverkefna á

byggðapróun og möguleg áhrif á atvinnulíf (Viðskiptablaðið 28 maí).

Breytingar á frumvarpi

Helstu breytingar og nýjungar hjá Atvinnuveganefnd á frumvarpi um ívilnanir er að gert er ráð fyrir að sett verði ákveðin skilyrði fyrir ívilnunum, t.d. að að minnsta kosti 75% af fjárfestingarkostnaði verði fjármögðuð án ríkisaðstoðar og að lágmarki 20% eigin fé auk þess þurfi nýfjárfestingin að skapa að minnsta kosti 20 ársverk. Þá flokkist sérstakar ívilnanir undir byggðaaðstoð, þ.e. ívilnanir sem takmarkist við ákveðin svæði á Íslandi þar sem heimilt er að veita byggðaaðstoð samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið og með samþykki ESA. Þær ívilnanir sem lagðar eru til felast í frávikum frá sköttum og gjöldum, þ.e. í tekjum sem ríkissjóður verður af eða svonefndum skattastyrkjum, fremur en í beinum útgreiðslum sem færast á gjaldahlið ríkissjóðs.

[Atvinnuveganefnd - Ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi](#)

Súrefni fyrir fiskeldi - hágæða heildarlausnir frá AGA

Sérfræðingar AGA veita faglegar leiðbeiningar varðandi lausnir sem henta viðkomandi framleiðslu best.

Hvort sem þig vantar súrefnið sjálft, tanka, búnað, tæki til framleiðslu súrefnis á staðnum eða búnað til dreifingar súrefnis, þá höfum við lausnina.



AGA


Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 570 3000



Fróði eldisfiskur - ýmiss fróðleikur um fiskeldi



Fiskibókin




Í bókinni er samankominn fróðleikur um helstu nytjafiska, upplýsingar um veiði þeirra, s.s. veiðisvæði, á hvaða árstíma þeir veiðast og helstu veiðarfæri. Með þessari rafrænu útgáfu Fiskibókarinnar er mögulegt að koma á framfæri margvíslegum upplýsingum um fisk og fiskafurðir, fræðslu og rannsóknum sem þeim tengjast með mun skilvirkari og fjölbreyttari hætti en hægt er í prentaðri bók. Fiskibókinni er skipt í kafla: **Eldisfiskar**, Krabbar og skeldýr, Uppsýðarvísir og Botnfiskar.

<http://fiskbokin.is/>

Stuttar fréttir -

- Fiskeldisfyrirtækin **Dýrfiskur og Fjarðalax** eiga í viðræðum um sameiningu fyrirtækjanna. Á fimmtudag var undirrituð viljayfirlýsing um sameiningarviðræður. Það er ekki reiknað með skýrum línunum fyrir en seinni part sumars. „Fyrirtækin hafa byggst upp með ólíkum hætti. Dýrfiskur hefur fyrst og fremst verið að leggja grunn að vexti fyrirtækisins með uppbyggingu innviða, til dæmis með byggingu seiðaeldisstöðvar í Tálknafirði, á meðan Fjarðalax hefur verið í mun hraðari uppbyggingu í sjálfu sjóeldinu. Sameinað fyrirtæki hefði betri grunn til hraðari vaxtar,“ segir Sigurður Pétursson (bb.is, frétt 8 júní).

FAO skýrsla



Tvisvar á ári er gefin út af FAO skýrslan Food Outlook. Hér á eftir er stutt samantekt um það sem koma fram í skýrslunni um fiskeldi:

- Á árinu 2014 nam heimsframleiðsla úr fiskeldi, 74,3 milljónum tonna og hafði aukist um 5% á milli ár.
- Gert er ráð fyrir að framleiðslan á árinu 2015 fari upp í 78 milljónir tonna.
- Á árinu 2011 var heimsframleiðsla á Atlantshafslaxi um 1,7 milljón tonn, áætluð framleiðsla árið 2014 er um 2,2 milljónir tonna og spá er um að framleiðslan verði um 2,4 milljónir tonna árið 2016.
- Gert er ráð fyrir að framleiðsla á Atlantshafslaxi í Síle minnki á næstu tveimur árum vegna sjúkdóma og mikilla affalla á fiski.
- Flutt voru inn um 200 þúsund tonn af kræklingi til Evrópusambandsins á árinu 2014.
- Innflutningur á beiturfiski er til 70 landa á árinu 2014 og nam 400 þúsund tonnum.

<http://www.fao.org/3/a-I4581E.pdf>

Rannsóknir í Kanada



Á vegum samtaka fiskeldismanna í Kanada er gefið árlega út yfirlit yfir allar fiskeldisrannsóknir í landinu. Íslendingar geta margt lært af Kanadamönnum hvernig standa á að uppbyggingu fiskeldis með rannsókn- og þróunarstarfi.

Umfangsmiklar rannsóknir eru á laxalús og mestu hvernig best er að halda smittíðni niðri með umhverfissvænum aðferðum. Jafnframt eru einnig margar áhuga-verðar rannsóknir er tengjast slyasleppingum og áhrifum sjókvíaeldis á botndýralífið.

Það hefur einnig verið mikill áhugi á fjöleldi í, við og undir sjókvíum. Fjölmargar rannsóknir tengjast því viðfangsefni.

Kræklingarækt er töluverð í Kanada og er fjöldi rannsókna stundaðar.

<http://www.aquacultureassociation.ca/assets/Uploads/2015-RD-Review->

Stuttar fréttir - Fiskeldisnám

- Spennandi nám við Háskólann á Hólum.** Við Háskólann á Hólum er rekin fiskeldis- og fiskalíffræðideild og er námið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða eins árs diplómunám í fiskeldisfræði og hins vegar rannsóknartengt meistaranám í sjávar- og vatnalíffræði. „Þá breyttum við þessu í fjarnám og kennum námskeið í lotum sem standa yfir 2-4 vikur í senn, með stuttum heimsóknum hingað norður. Námið er því orðið mun aðgengilegra fyrir fólk sem hefur ekki tök á því að dveljast hér.“ (http://issuu.com/sjavarafi/docs/sjavarafi_low)